

Um samstarf Foreldrafélags Glerárskóla og Glerárskóla

Foreldrafélag Glerárskóla á í góðu samstarfi við skólann um ýmis mál.

Tveir fulltrúar foreldrafélagsins sitja í skólaráði, einn fulltrúi situr í umhverfisnefnd skólans og ritari skólans er tengiliður skólans við foreldrafélagið og sinnir gríðarlega mikilvægu starfi með stjórn félagsins.

Foreldrafélagið kaupir ýmislegt sem nýttist skólanum og eða skólavistun til dæmis vesti fyrir vinaliða og leikföng.

Á síðasta skólaári tók foreldrafélagið þátt í Grænfánahátíð skólans og bauð nemendum upp á ís, einnig voru keyptir kleinhringir og safi til að bjóða nemendum upp á eftir þátttöku þeirra í Norræna skólahlaupinu. Nemendur 9. bekkjar fengu styrk frá félaginu til þess að setja upp glæsilega árshátíðarsýningu og nýttu peningana í að ráða til sín leikstjóra. Ákveðið hefur verið að styrkja 9. bekk ár hvert en upphæðin verður að ráðast af fjárhag félagsins.

Foreldrafélagið afhendir nemendum 1. bekkjar boli þegar þeir koma í heimsókn í skólann. Gjöfin er hluti af því að bjóða nemendum velkomna í skólann.

Hin árlega vorhátíð er samstarfsverkefni skólaráðs, starfsfólks skólans, vinaliða, bekkjaráða og stjórnar foreldrafélagsins. Hátíðin er haldin í lok skólaársins og síðastliðið vor var ákveðið að hún skyldi haldin á skólatíma.

Aníta Jónsdóttir